



Borgarráð

Grandagarður 1a - Heimild til að kaupa atvinnuhúsnæði

Óskað er heimildar borgarráð til að ganga til samninga við eigendur Grandagarðs 1a um kaup á atvinnuhúsnæði.

Greinagerð:

Atvinnuhúsnæðið er á tveimur hæðum, samtals 216,0 fermetrar og verður framleigt til Velferðasviðs. Húsnæðið verður notað sem neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnanotendur.

Á fundi velferðarráðs 16 ágúst sl. var samþykkt tillaga að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur og eru kaupin til að koma á mótis við þá samþykkt.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Tillaga velferðarráðs um að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur

Staðfesting Velferðasviðs á að húsnæðið uppfylli þeirra kröfur

Fyrirspurnagögn til byggingafulltrúa sem innihalda:

-Lýsing á starfsemi

-Lýsing framkvæmda

-Tillöguteikning

Reykjavík, 10. ágúst 2018

334. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. ágúst 2018

Tillaga

Velferðarráðs:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að keypt verði húsnæði fyrir nýtt neyðarskýli fyrir unga heimilislausa karla í vímuefnaneyslu. Settar verði 60 mkr. í stofnkostnað vegna úrræðisins og útgjöld til málaflokksins aukin um 135 mkr. á ári f.o.m. janúar 2019.

Greinargerð:

Með utangarðsþjónustu er átt við þjónustu fyrir fjölbreyttan hóp fólks sem af ýmsum ástæðum er heimilislaust. Í nágrannalöndum okkar er hópurinn kenndur við húsnæðis- eða heimilisleysi (e. roofless og homeless), en hér á landi hefur orðið utangarðsfólk verið notað. Algeng einkenni í þessum hópi eru fíkn og neysla, geðrænn vandi, frávik í þroska, saga um áföll og félagslegir erfiðleikar - oftar en ekki blanda af þessum þáttum. Flestir sem tilheyra þessum hópi eiga rétt á heilbrigðisþjónustu vegna veikinda og fíknar og njóta fjárhagslegs stuðnings frá Tryggingastofnun vegna örorku og/eða jafnvel fötlun. Allir eiga svo rétt á þjónustu sveitarfélagsins vegna félagslegra erfiðleika og húsnæðisleysis.

Tillagan byggir á *Stefnu um málefni utangarðsfólks 2014-2018* sem samþykkt var á fundi velferðarráðs 13. febrúar 2014. Í tillögunni er gert ráð fyrir auknum stuðningi við unga einstaklinga sem eru heimilislausir og glíma við áfengis- og vímuefnavanda og/eða geðræn veikindi. Í neyðarskýlinu verður tekið á mót 15 einstaklingum.

Með nýju neyðarskýli verður hægt að aðgreina hóp yngri og eldri karla. Ungum mönnum, sem neyta vímuefna um æð hefur fjölgað hlutfallslega í Gistiskýlinu á undanförunum árum. Með því að hafa einstaklinga með ólíkt neyslumynstur og á ólíkum aldri undir sama þaki skapast hætta bæði fyrir þjónustugega og starfsmenn. Stærð hópsins sem dvelur í Gistiskýlinu á hverri nóttu er 25 manns og er það mat starfsmanna að æskilegra sé að hafa einingarnar minni þar sem hægt er að þjónusta einstaklingana betur og veita meira öryggi. Með því eflast einnig forvarnir í utangarðsþjónustunni með aukinni sérhæfingu í þjónustu við yngri hóp karla, sem oftar glíma við fjölþættari vanda og hafa styttri neyslusögu. Þessi hópur á að mörgu leyti ekki samleið með þeim hópi sem áður nýtti mest þjónustu Gistiskýlisins, sem er fyrst og fremst í áfengisneyslu. Eldri hópur einstaklinga eru jafnframt í þörf fyrir meiri þjónustu vegna aldurs og margs konar

heilsufarsvandamála. Í nýju neyðarskýli verður opið frá kl. 17:00 til kl. 10.00 næsta dags. Gert er ráð fyrir sambærilegri mönnun og í Gistiskýlinu. Aðkoma skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs er nauðsynleg til að finna hentuga staðsetningu fyrir nýtt skýli.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður vegna nýs neyðarskýlis er 135 mkr. frá og með 2019. Í rekstrarkostnaði er innifalið húsaleiga, launakostnaður og annar rekstur. Auk þess er gert ráð fyrir stofnkostnaði upp á 60 mkr. ásamt kaupum á húsnæði, en sá kostnaður er ekki hluti af tillögunni.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr.: *R18080066*
Skjalasafn Ráðhúss
14. ágú. 2018
Bréfalykill: *2130*

Reykjavík, 14. ágúst 2018
VEL2018080011

Tillaga velferðarráðs um að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur.

Á velferðarráðsfundi, þann 10. ágúst 2018, var lögð fram tillaga velferðarráðs um að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur.

Lögð fram svohljóðandi tillaga velferðarráðs:

Lagt er til að velferðarráð samþykki að keypt verði húsnæði fyrir nýtt neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur. Settar verði 60 mkr. í stofnkostnað vegna úrræðisins og útgjöld til málaflokksins aukin um 135 mkr. á ári f.o.m. janúar 2019.
Samþykkt
Greinargerð fylgir tillögu.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú hefur verið samþykkt að opna nýtt neyðarskýli fyrir unga heimilislausa karla sem eru í vímuefnaneyslu. Um er að ræða hreina viðbót við þá umfangsmiklu þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir þessum hópi nú þegar, en nú njóta rúmlega 70 einstaklingar sértækrar aðstoðar. Frekari aðgerða og úrræða er þörf og munu fleiri tillögur líta dagsins ljós í kjölfar þeirra stefnumótunar sem nú mun fara af stað.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:


Ljóst er núverandi meirihluti er fyrst núna að átta sig á og viðurkenna þann mikla vanda sem er í málefnum heimilislausra en hins vegar er alveg ljóst að tillögur meirihlutans eru á algjörum byrjunarreit eins og tillagan um neyðarskýli fyrir unga karla ber með sér. Hér er t.d. ekki búið að útfæra tillöguna betur en svo að ekki hefur verið ákveðið hvar skýlið skuli staðsett. Ljóst er að hér um bráðavanda að ræða sem þarf að bregðast við strax. Fögnum tillögu um fjölbreytt úrræði fyrir fjölbreytta hópa. Hins vegar taka þessar tillögur ekki á heildarvandanum sem húsnæðisleysi er. Þar af leiðandi eru þessar aðgerðir aðeins lítill plástur á stórt vandamál sem hefur verið að aukast síðustu ár.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessari tillögu er ekki ætlað að leysa vanda heimilislauss fólks á einu bretti, heldur er verið að bregðast við hugmyndum fagfólks borgarinnar um að aðskilja eldri karla og yngri hvor frá öðrum, þar eð vandamál og þarfir þeirra séu mismunandi og aðskilnaður myndi skila betri þjónustu fyrir báða hópa. Tilgangurinn er að veita sem besta þjónustu í samræmi við bestu fagþekkingu hverju sinni. En þó fagnar meirihlutinn nýtilkomnum áhuga Sjálfstæðisflokksins á að leysa úr vanda þessa hóps og vonast til að sjá fleiri slíkar hugmyndir frá honum á næstunni og á öðrum stjórnsýslustigum.

Tillagan er hér með lögð fyrir borgarráð til samþykktar.

Virðingarfyllst,


Regina Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Daniela Katarzyna Zbikowska
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík 12.nóvember 2018

Vegna: Grandagarður 1A og nýting þess fyrir starfsemi velferðarsviðs

Hér með staðfestist að húsnæðið að Grandagarði 1A, út frá lýsingu á starfssemi og lýsingu á breytingum á húsnæði sem fram kemur í minnisblöðum frá Gláma- Kím frá 9.nóvember 2018 annars vegar varðandi lýsingu á þjónustustarssemi og hins vegar lýsingu framkvæmda, uppfylla lágmarkskröfur velferðarsviðs til nýtingar á húsnæði fyrir fyrirhugaða starfsemi sviðsins.

Berglind Magnúsdóttir
Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg
Byggingarfulltrúi

Fyrirspurn

Mótt.	Nr. umsóknar	Afgr.
Afgreiðsla byggingarfulltrúa		

1. Fyrirspyrjandi

Reitir 1. - 6. útfyllast af umsækjanda

Nafn fyrirspyrjanda / eiganda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
Reykjavíkurborg, Eignasjóður	570480-0149	Ráðhúsið, Tjarnargata 11	olafur.i.halldorsson@reykjavik.is

2. Lóð

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshluti	Landnúmer
Grandagarður	1A	0-1-1115209	01 0101	L100056

3. Tegund byggingar / framkvæmdar

☐ Einbýlishús	☐ Parhús	☐ Raðhús	☐ Fjölbýlishús	☒ Atvinnuhúsnæði
☐ Skilti	☐ Annað, hvað?			

4. Lýsing framkvæmda sem fyrirspurn tekur til

Breyting á innra skipulagi.

Húsnæðið verður innréttað fyrir starfsemi neyðarþjónustu fyrir unga vimefnaneytendur.

Um er að ræða eldra hús og verður húsnæðið hannað samkvæmt byggingarreglugerð ásamt viðeigandi reglugerðum og leiðbeiningum. Leitast verður við að hanna húsnæðið samkvæmt reglum um algilda hönnun.

Núverandi innveggir verða fjarlægðir og nýir reistir sbr. meðfylgjandi teikningar.

Á jarðhæð norðurhlíðar verður innréttað fyrir aðalinngang og móttöku. Þar verður einnig eldhús, stofa- og borðstofa, starfsmannarými ásamt stoðrymum. Á 2. hæð verða hvíldarherbergi innréttað ásamt stoðrymum. Núverandi stigi verður óbreyttur. Ný pallalyfta verður staðsett á milli 1. og 2. hæðar. Nýjar raflagnir verða lagðar í húsið og nýtt hitaveituinntak og hitalagnir.

Á gólfum meginryma verða línóleumdúkar. Mottupró verður á gólfi anddyris. Á gólfum baðherbergja verða flisar og á veggjum votryma baðherbergjaplötur. Veggir verða mátaðir. Í hverju rými er komið fyrir viðeigandi innréttingum. Loft verða klædd niður, ýmist kerfisloft eða gífsklæðning. Hugað verður að góðri hljóðvist.

Lagfæra þarf ytra byrði hússins og aðlaga breytingum á innra skipulagi.

5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi fyrirspurnina

☐ Skissur	☐ Samþykki meðeiganda / lóðarhafa	☐ Bréf umsækjanda / hönnuða	☐ Ljósmyndir
☒ Annað, hvað?	Lýsing á þjónustustarfsemi, tillöguteikningar		

6. Undirritun

Komi til byggingarleyfisumsóknar verður farið eftir ákvæðum laga um mannvirki, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í fullu umboði lóðarhafa, staður:	dagsetning:		
Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
Gláma . Kim Arkitektar Laugavegi 164 ehf	560496-2739	Laugavegur 164, 105 Reykjavík	johannes@glamakim.is

Minnisblað**Verk : Grandagarður 1A****Efni : Fyrirspurn til byggingarfulltrúa, fylgigögn, lýsing á þjónustustarfsemi****Dags: 09.11.2018****Grandagarður 1A - lýsing á þjónustustarfsemi (liður 5 á fyrirspurnareyðublaði)**

Um er að ræða neyðarþjónustu fyrir heimilislausa einstaklinga sem eru í fjölbreyttri neyslu vímuefna og nota aðallega vímuefni um æð. Starfsemi verður í húsinu allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Neyðarþjónustan býður skjólstæðingum sínum upp á mat, sem er aðfenginn og hitaður upp í örbylgjuofnum. Einnig er boðið upp á hafragraut, sem hitaður er upp er á staðnum, auk morgunkorns og mjólkurvara. Yfir daginn er kaffi og bakarísbrauð á boðstólum.

Vegna eðlis starfseminnar er góð aðgreining á milli almenningssvæðis (móttöku, borð- og setustofu) og hvíldarherbergja. Herbergjaskipan á 2. hæð verður með þeim hætti að eins fái og við verður komið deili herbergi. Þar verða 2 snyrtingar og sturtuaðstaða fyrir skjólstæðinga.

Aðgengi hjólastóla þarf að vera gott í öllu húsnæðinu og verður nýrri pallalyftu komið fyrir í nánd við stigapall efri hæðar.

Starfsmannaðstaða verður með kaffi- og vatnsstöð, örbylgjuofni og starfsmannaskápum. Starfsmenn hafa sérsnyrtingu með sturtu. Unnið er á vöktum og eru að lágmarki tveir starfsmenn í húsinu. Yfir daginn eru þrír á vakt auk forstöðumanns.

Miðað er að því að gera allar vistarverur eins hlýlegar og mögulegt er hvað varðar litaval og innréttingar. Jafnframt verður vandað til við efnisval, skipulag og uppröðun með tilliti til endingar á innréttingum og innbúi.

f.h. Glámu Kíms Arkitekta Laugavegi 164 ehf

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ

Minnisblað

Verk : **Grandagarður 1A**

Efni : Fyrirspurn til byggingarfulltrúa, fylgigögn, lýsing framkvæmda

Dags: 09.11.2018

Grandagarður 1A – lýsing framkvæmda (liður 4 á fyrirspurnareyðublaði)

Húsnæðið verður innréttað fyrir starfsemi neyðarþjónustu fyrir unga vímuefnaneytendur.

Um er að ræða eldra hús og verður húsnæðið hannað samkvæmt byggingarreglugerð ásamt viðeigandi reglugerðum og leiðbeiningum.

Leitast verður við að hanna húsnæðið samkvæmt reglum um algilda hönnun.

Núverandi innveggir verða fjarlægðir og nýir reistir sbr. meðfylgjandi teikningar.

Á jarðhæð norðurhliðar verður innréttað fyrir aðalinngang og móttöku.

Þar verður einnig eldhús, stofa- og borðstofa, starfsmannarými ásamt stoðrymum.

Á 2. hæð verða hvíldarherbergi innréttuð ásamt stoðrymum.

Núverandi stigi verður óbreyttur.

Ný pallalyfta verður staðsett á milli 1. og 2. hæðar.

Nýjar raflagnir verða lagðar í húsið og nýtt hitaveituinntak og hitalagnir.

Á gólfum meginryma verða línóleumdúkar. Mottuþró verður á gólfi anddyris.

Á gólfum baðherbergja verða flísar og á veggjum votryma baðherbergjaplötur.

Veggir verða málaðir. Í hverju rými er komið fyrir viðeigandi innréttingum.

Loft verða klædd niður, ýmist kerfisloft eða gífsklæðning.

Hugað verður að góðri hljóðvist.

Lagfæra þarf ytra byrði hússins og aðlaga breytingum á innra skipulagi.

Húshlið mót Grandagarði verður að mestu óbreytt, gluggar endurnýjaðir og gluggabil einangruð eftir atvikum.

Svalir vegna flóttaleiðar verða settar þar sem nú er skyggni.

Húshliðina til norðurs þarf að lagfæra og samræma með breytingum á innra skipulagi.

Þar þarf að lagfæra ytra byrði og endurklæða.

Þak verður endurbætt eftir atvikum.

Aðalinngangur í þjónustuna verður um lóð norðan við hús.

Hún verður lagfærð, hellulögð og malbikuð, og nýr timburpallur reistur ásamt skjólveggjum.



Við val á byggingartæknilegum lausnum, byggingarefnum og í frágangi verður leitast við að tryggja góða endingu og lágmarka þörf á viðhaldi.

1810049
GRANDAGARÐUR 1A
101 REYKJAVÍK

Í VINNSLU
FRUMATHUGUN
02.11.2018

GLÁMA / KÍM

Arkitektar Laugavegi 154 ehf. 105 Reykjavík
t. 550 5100, f. 550 5101
nd.glaskim@glaskim.is is: www.glaskim.is



LOFTMYND - BORGARVEFJA

Breeding	Dagsetning	Sýgling

UTSUNIA VINSLU

ÖLL MÁL SKAL SANNREYNA Á VERKSTAD ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST




[illegible]

GRANDAGARÐUR 1A
101 REYKJAVÍK


FRUMATHUGUN

GRUNNMYNDIR



Erving	184.34	S21.05	GLÁMA-KÍM
U27	120.18	1.50	
Value	184.34	1.50	JP



ÚTLIT TIL SUBURS 1:200



ÚTLIT TIL NORÐURS 1:200



Í VINNSLU

ÖLL MÁL SKAL SANNEYMA Á VERKSTAD ÁÐUR EN SMÍÐ/HEFST

Árni Jónsson (Höfuð) FAI	M. 04.02.2019
Elísabetta Jónsdóttir (Höfuð) FAI	M. 02.04.2019
Árni Jónsson (Höfuð) FAI	M. 02.02.2019
S. Jónsson (Höfuð) FAI	M. 02.02.2019
S. Jónsson (Höfuð) FAI	M. 02.02.2019

GRANDAGARÐUR 1A	101 REYKJAVÍK	FRUMATHUGUN	SNEDINGAR ÚTLIT	GLÁMA - KÍM
Stærð	S21.06	Stærð	S21.06	Stærð
Stærð	159, 1200	Stærð	159, 1200	Stærð
Stærð	159, 1200	Stærð	159, 1200	Stærð
Stærð	159, 1200	Stærð	159, 1200	Stærð
Stærð	159, 1200	Stærð	159, 1200	Stærð